

Námskeið: Gerð áhættumats hjá litlum fyrirtækjum (færri en 10 starfsmenn)

Um hvað er námskeiðið?

Námskeiðið er fyrir alla sem hafa áhuga á að kynna sér gerð áhættumats á litlum vinnustöðum eða vilja bæta við sig þekkingu á því sviði. Farið er yfir 3 meginatriði áhættumatsins, þ.e. skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði, áhættumat og áætlun um heilsuvernd og framkvæmd hennar. Kynntur verður einfaldur gátlisti/vinnublað fyrir lítil fyrirtæki.

Fyrir hverja?

Alla sem þurfa að gera áhættumat og þá sem vilja bæta hjá sér vinnuumhverfið.

Ávinningur

Nemendur læra mjög einfalda og markvissa aðferð til að gera áhættumat.

Hvernig?

Hvert námskeið er 3 klukkustundir og byggist upp á fyrirlestrum, myndum, myndböndum og hópverkefnum.

Fyrirhuguð námskeið 2012:

Reykjavík 24. apríl kl. 13-16

Akureyri 15. febrúar kl. 9-12

Akureyri 21. nóvember 13-16

Skráning á námskeið er á heimasíðunni, valinn takkinn “Námskeið” ofarlega til vinstri á forsíðunni og síðan smellt á “Skráning á námskeið” lengst til hægri í annarri línu síðunnar sem þá birtist. Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: vala@ver.is eða í síma Vinnueftirlitsins, 550 4600.